

Mál nr. 270/2016**M
og
vátryggingafélagið V v/ fasteignatryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna skemmda á varmadælum í fasteign.****Gögn.**

Málskot, móttakið 26.8.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 2.9.2016, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M kveður varmadælur í fasteign sinni að Skálabrekkugötu hafi eyðilagst í illviðri sem gekk yfir landið 14. mars 2015. Er komið var í húsið nokkrum dögum síðar hafi komið í ljós að „[þ]að hafði rignt inn í gegnum dælnar, þó eru þær í góðu skjóli. Það hefur rignt alveg lárétt.“ Umræddan dag hafi hafi mesti vindhraði á Þingvöllum mælt 22,6 m/sek. og mesta vindhviða 37,9 m/sek., hvoru tveggja kl. 9 um morguninn. Viðgerðaraðili hafi metið dælnar ónýtar.

M hefur í gildi fasteignatryggingu hjá V vegna eignarinnar. Hún telur að dælnar hafi eyðilagst fyrrgreindan dag við það að regnvatn hafi komist inn í dælnar í ofsaveðri í skilningi skilmála vátryggingarinnar. Hefur M krafist bóta úr fasteignatryggingunni hjá V vegna þess tjóns sem hún varð fyrir af þessum sökum. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt 9. gr. í vátryggingarskilmálum þeim sem gilda um fasteignatryggingu þá sem hér er til skoðunar segir að vátryggingin bæti skemmdir á vátryggðri húseign af völdum ofsaveðurs þegar vindur nær að rjúfa þak, glugga eða veggi húseignarinnar eða valda tjóni á öðru því sem vátryggt er, enda hafi vindhraði þegar tjónið varð náð 28,5 metrum á sekúndu (11 vindstigum) samkvæmt mælingum Veðurstofu Íslands. Séu ekki fánlegar viðurkenndar upplýsingar um vindhraða á tjónsstað þegar tjónið varð skuli hafa til hliðsjónar hvort almennt eignatjón hafi orðið á svæðinu af völdum óveðurs þegar tjónsatburðurinn átti sér stað.

Í gögnum málsins kemur ekki fram með skýrum hætti hvar hin vátryggða húseign er staðsett að öðru leyti en því að hún er sögð vera við tiltekið húsnúmer við Skálabrekkugötu, 801 Selfossi. Engu að síður þykir mega við það miða að eignin sé í landi jarðarinnar Skálabrekku í Bláskógabyggð, áður Þingvallasveit. Samkvæmt þessu virðist mega ætla að hin vátryggða fasteign sé í nokkurra kílómetra fjarlægð frá veðurmælingastað á Þingvöllum. Ekki er unnt að fullyrða að sami vindhraði hafi verið í landi Skálabrekku og á Þingvöllum auk þess sem vindhraði á Þingvöllum náði ekki 28,5 m/sek. umræddan dag nema í vindhviðum kl. 9 og 10 um morguninn. Ekki liggur fyrir að almennt eignatjón hafi orðið í landi Skálabrekku á þeim tíma sem M telur að tjónið hafi orðið. Ekki liggja heldur fyrir í málinu sönnunargögn um orsök þess að varmadælnar biluðu, svo sem að það hafi gerst af völdum rigningarvatns. Samkvæmt þessu hefur ekki verið sýnt fram á tjónið hafi hlotist af völdum ofsaveðurs í skilningi vátryggingarskilmálanna. M á því ekki rétt á bótum úr fasteignatryggingunni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr fasteignatryggingu hjá V.

Reykjavík, 27. september 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.